

Fundur í skólaráði 7. apríl 2022 kl. 16:00

Fundurinn var haldinn á teams.

Mætt: Ruth, Málfríður Ólafs, Hrönn, Þórunn Guðgeirs, Kolbjörg, Ívar Logi

Fundarmenn kynna sig.

Dagskrá: 1. Reglugerð um skólaráð í grunnskólum, starfsreglur skólaráðs og starfsáætlun.

2. Frá nemendum
3. Skóladagatal næsta skólaárs
4. Opinn fundur skólaráðs
- Önnur mál.

1. Upplýsingar um skólaráð á heimasíðu skólans. Ruth fór yfir kosningu og starfsemi skólaráðs. Rætt um starfsáætlun og fulltrúa grenndarsamfélagsins. Tillaga um að fulltrúi úr grenndarsamfélaginu komi úr dreifbýli. Ruth sendir á foreldra og óskar eftir sjálfboðaliðum. Minnt á handbók skólaráðs frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkur. Ákveðið setja hana á heimasíðu skólans. Ákveðið að útbúa netfang skólaráðs og birta á heimasíðu.
2. Páskaskemmtun nemenda var haldin í stað þorablóts og gekk vel. Nemendur ánægðir. Sumir voru á því að ballið hefði verið of stutt. Mikið um veikindi nemenda undanfarið.
3. Ruth fer lauslega yfir skóladagatal 2022-2023. Skólaráð samþykkir skóladagatal með þeim fyrirvara að viðtalsdagur í upphafi skólaárs, 23. ágúst, breytist mögulega í hefðbundinn skólasetningardag.
4. Opinn fundur skólaráðs. Opinn fundur var rafrænn síðasta skólaár. Einn mætti fyrir utan skólaráðsfulltrúa. Tillaga frá Ruth að hafa snertifund, auglýsa vel, hittast og ræða saman. Samþykkt. Stefnt á fund 5. maí kl. 17:30-18:30, stutt innlegg um skólastarfið og jafnvel eitthvað frá nemendum og svo umræður. Auglýsa tímanlega. Næsti fundur skólaráðs samkvæmt starfsáætlun seinni partinn í maí og nýtist hann þá mögulega til að vinna úr upplýsingum/ábendingum sem fram koma á opna fundinum.
5. Önnur mál:
 - a. Til upplýsinga fyrir skólaráð. 25. apríl og 26. apríl – námsferð unglingsstúkennara á suðvesturhornið. Fara í skóla, Menntavísindasvið og Mixtúru (Skóla- og frístundasvið stendur að Mixtúru - Búnaðarbanka). Búið verður að setja nemendum fyrir verkefni og nemendum boðið að vinna í skólanum undir handleiðslu kennara.
 - b. Varðandi tækjakost nemenda þá hefur fræðslufulltrúi rætt að aukið fjármagn verði sett til að bæta nettengingar og tækjakost á árinu. Vinna á vegum sveitarfélagsins í samvinnu við kennara sem gáfu kost á sér að stefnumótun í uppbyggingu þessara innviða. .
 - c. Skólinn hefur hug á að taka upp agastefnu. Kynningar á tvenns konar agastefnum í vor, Uppeldi til ábyrgðar og Jákvæður agi. Markmiðið að ljúka kynningum og ákveða hvort verður fyrir valinu.

Fundi slitið kl. 17:00